

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 4. september 2024

Fyrirspurn Sósíalístaflokks Íslands:

Hver er staða á viðhaldi á gangstéttum við Kringlumýrarbraut? Kallað er sérstaklega eftir upplýsingum um gangstéttina í grennd við Sléttuveg. Verður farið í viðgerðir á gangstéttinni og ef já, hvenær má reikna með að viðhaldi verði lokið?

Greinargerð

Kallað er sérstaklega eftir upplýsingum um gangstéttina í grennd við Sléttuveg þar sem stór hluti íbúa þess svæðis er hreyfihamlaður og notar hjálpartæki eins og göngu grindur, hjólastóla og rafdrifin tæki til að komast leiðar sinnar og eru því viðkvæmari fyrir ójöfnum og torfærum en aðrir íbúar borgarinnar. Þess ber að geta að sumar hreyfihamlanir gera viðkomandi sérlega viðkvæma fyrir höggi af því tagi sem leiðir upp hrygginn eins og um er að ræða í þessu tilviki.

Íbúar fengu fyrir ári síðan þær upplýsingar að þetta væri komið á verktakalista en engar viðgerðir hafa átt sér stað þegar þetta er skrifað.

Meðfylgjandi eru tvær myndir af svæðinu til skýringar.



